

187. fundur stjórnar LSS haldinn fimmtudaginn 12. febrúar 2009 kl. 18:00 á skrifstofu LSS Brautarholti 30, 105 Reykjavík.

Mættir: SBB, FH, BV, BKrþ, BI, GMB og VLF.

Boðuð forföll: SB og IGG.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Sþ

2. Inntaka nýrra félaga

Eyþór Gunnar Gíslason

Andri Kristinn Mangelsdorf

Aukaaðild:

Þorgerður Bjarnadóttir

3. 112 dagurinn

Var haldinn 11. febrúar um allt land. Við það tækifæri veitti LSS 33 viðurkenningar fyrir eldvarnagetraunina.

4. Fundaferð í Fjarðabyggð

Formaður og framkvæmdastjóri fóru í þriggjadaga ferð í Fjarðabyggð til að funda með félagsmönnum. Fundað var á Fáskrúðsfirði, Reyðarfirði og Norðfirði, með slökkviliðs- og sjúkraflutningamönnum af Stöðvarfirði, Fáskrúðsfirði, Reyðarfirði, Eskifirði og Norðfirði. Upplýst um LSS og farið yfir ágreiningsmál félagsmanna við yfirvöld. Fundað var með slökkvilisstjóra, mannauðsstjóra og bæjarstjóra Fjarðarbyggðar. Unnið verður að lausn mála með mannauðsstjóra Fjarðarbyggðar.

5. Ársfundur (Opinn fulltrúaráðsfundur) í mars

Fundinn á að halda í mars samkvæmt lögum sambandsins. Stjórnarfundur verður á undan. Fundurinn verður auglýstur á heimasíðunni sem opinn fyrir alla félagsmenn þó einungis kjörnir fulltrúar hafi atkvæðisrétt.

6. Sjúkraflutningar í N-Þing.

Bréf frá Heilbrigðisráðuneytinu

Farið yfir bréf frá LSS 21.12.08 til heilbrigðisráðuneytisins og svarbréf sem barst frá ráðuneytinu. LSS er ósátt við svarið og hefur beðið lögfræðing að fara yfir það. Búið er að óska eftir fundi með ráðherra. Sjúkraflutningamenn í N-Þing eru tilbúnir að hætta ef þeir fá ekki greitt fyrir tvo á bakvakt.

7. Fulltrúaráðs-kosningar

Verið að kjósa nýtt fulltrúaráð. Kosningarnar eru í gangi og á að vera lokið 16. febrúar.

8. Stofnun Evrópu- og Alheimssamtaka

Formaður og v-formaður LSS fara á stofnfund EURAY 23. – 25. feb. Komin drög að reglum. Stofnfundur alheimssamtaka fer fram í Vancouver 28. mars – 2. apríl. Formaður og v-formaður LSS fara á hann. Styrkur fæst frá Starfsmenntasjóði; 350.000kr þannig að kostnaður fyrir LSS verður um 50.000kr.

9. Önnur mál:

a) BÁ-símagreiðslur og framhaldið

Greiðslur fyrir að bera boðtæki (GSM) er kjarasamningsbundið ákvæði sem LSS og LN eru sammála um að ekki þurfi að deila um. GÁH tók að sér að innheimta þessar greiðslur fyrir slökkviliðsmenn hjá BÁ og hefur lokið því. BÁ greiðir fyrir árin 2006-2008 auk dráttarvaxta og lögfræðikostnaðar. Eftir fund Form og Frkvstj með slökkviliðsmönnum BÁ var ákveðið að taka saman ágreiningsmál innan BÁ, og LSS ræði þau við yfirvöld. Jafnframt mun framkvæmdastjóri skila greinagerð um innheimtumálið.

b) Fundur í Umhverfisráðuneytinu

Form framkvstj og lögfræðingur LSS fóru á fund í Umhverfisráðuneytinu 26. janúar til að ræða túlkun á 8gr. reglugerðarinnar um nýráðningar í slökkviliðið. Málið skoðað áfram.

c) Heimsóknin í Keili

Formaður, framkvæmdastjóri og formaður deildar sjúkraflutningamanna þáðu fund með skólastjóra Keilis, Hjálmari Árnasyni, til að kynna sér fyrirhugaða kennslu í sjúkraflutningum. Í dag kemur fram á heimasíðu Keilis að náminu sem átti að hefjast í febrúar, hefur verið frestað til haustsins. LSS mun fylgjast með framvindu málsins.

d) Sporslan á Keflavíkurflugvelli

Sérstög yfirvinnugreiðsla fyrir ákveðin aukaverkefni féll niður 1. febrúar. LSS hefur ekki verið kallað að borðinu. Í gangi eru viðræður milli Keflavíkurflugvallar ohf og slökkvilismanna.

e) Dómsmál.

Dómur féll í máli SLS í Héraðsdómi í dag gegn Akureyrarbæ. Dómurinn var SLS í vil.

Dómur féll í máli Vilborgar gegn BS í Hæstarétti í dag, BS í vil. Málið hafði fallið Vilborgu í vil í Héraðsdómi en BS áfrýjaði.

Fundi slitið 20:08

Fundarritari VLF